

229. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 20. ágúst 2024 og hófst hann kl. 15:15.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad varamaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2408104 - Farsælt fristundastarf verkefnastjórn 24-25

Í desember 2023 var ráðin til starfa verkefnastjóri farsæls fristundastarfs í 80% starf til eins árs. Kostnaður vegna stöðu verkefnastjóra var tekin af 9.000.000 kr. styrk frá Barna- og menntamálaráðuneytinu sem hlaut vegna forystuhlutverks Akraneskaupstaðar í innleiðingu farsældarlaga. Var þetta lagt fyrir Velferðar- og mannréttindaráð 06.06.24.

Nýr samstarfssamningur, milli mennta- og barnamálaráðuneytisins og Akraneskaupstaðar um áframhaldandi stuðning vegna forystuhlutverks við innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, var undirritaður og lagður fyrir Velferðar- og mannréttindaráð til kynningar 30.01.24.

Framlag ráðuneytisins var hið sama 2024 og árið áður eða kr. 9.000.000 og er lagt til að framhald verði á ráðningu verkefnastjóri farsæls fristundastarfs um eitt ár, frá desember 2024- desember 2025. Tillagan verður lögð fram í ráðningarnefnd þriðjudaginn 27. ágúst nk.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að styrkur vegna forystuhlutverks við innleiðingu farsældarlaga verði nýttur í áframhaldandi ráðningu á verkefnastjóra farsæls fristundastarfs frá desember 2024- desember 2025.

2. 2205146 - Samfélagsmiðstöðin Dalbraut 8 - uppbygging- framkvæmd verkefnisins

Staða útboðs vegna uppbyggingar Samfélagsmiðstöðvar lögð fram til kynningar.

Velferðar- og mannréttindaráð fór yfir framlagða tímaáætlun vegna uppbyggingar Samfélagsmiðstöðvar á Dalbraut 8. Samkvæmt henni er áætlað að vinnsla útboðsgagna og útboðsferli verði lokið í október 2024 og að verktaki verði kominn á verkið í nóvember nk. Áætluð verklok eru árið 2027.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.

Kristinn H. Sveinsson
Einar Brandsson
Liv Aase Skarstad

Sólveig Sigurðardóttir
Hildigunnur Árnadóttir